

Fundur skólaráðs 18. desember 2013

3. fundur haustið 2013

Mættir:

Fulltrúar foreldra: Marína Sigurgeirsdóttir og Helga Vilhjálmsdóttir

Fulltrúar kennara: María Aðalsteinsdóttir og Sólveig Styrmsdóttir

Fulltrúi starfsmanna: Kristín Aðalheiður Hallgrímsdóttir

Fulltrúar skólastjórnar: Kristín skólastjóri og Fjóla Kristín Helgadóttir.

Efni fundar:

1. Kristín J. byrjaði á því að segja stuttlega frá **fjárhagsáætlun** næsta árs. Kennslumagnið mun lækka nokkuð, en það skýrist aðallega af líklegri fækkun nemenda – stór útskriftarárgangur og lítill árgangur sem kemur í 1. bekk.
2. Fjóla Kristín fór yfir **niðurstöður Skólapúlsins** frá októberkönnun. Nemendur í Oddeyrarskóla sýna meiri áhuga á stærðfræði og náttúrufræði en nemendur á landsvísu. Niðurstöður gefa til kynna að nemendur Oddeyrarskóla hafi minna sjálfsálit, minni stjórn á eigin lífi, upplifi meira einelti og hreyfa sig minna en nemendur á landsvísu. Nemendur virðast einnig samasama sig minna við nemendahópinn, en virk þátttaka nemenda í tímum er meiri. Rýnt var sérstaklega í þær niðurstöður sem skera sig frá landsmeðaltalinu.
3. Kristín segir frá því að nú sé verið að vinna að drögum að **innra mati**. Í stýrihópi um innra mat eru Kristín, Fjóla Kristín, Anna Bergrós, Gígja og Sigrún.
4. Umræðum um niðurstöður **samræmdra könnunarprófa** frestað til næsta fundar.

Næstu fundur fyrirhugaður um miðjan janúar 2014.